

## Breytingartillaga

### við frumvarp til laga um köfun.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

- Við 3. gr.
  - Á eftir orðunum „fara fram“ í 1. tölul. komi: í yfirborði og/eða.
  - Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: *Köfunarbúnaður*: Allur sá búnaður sem notaður er við köfun og gerir mönnum kleift að kafa.
- Við 5. gr.
  - B-liður 1. mgr. orðist svo: uppfylla heilbrigðiskröfur, sbr. 6. gr.
  - C-liður 1. mgr. orðist svo: uppfylla menntunar- og hæfniskröfur, sbr. 7. gr.
- Fyrri málslíður 1. mgr. 7. gr. orðist svo: Umsækjandi um skírteini sem heimilar köfun í atvinnuskyni skal fullnægja viðeigandi menntunar- og hæfniskröfum.
- Á eftir 8. gr. komi nýr kafli, III. kafli, **Áhugaköfun**, með einni grein, 9. gr., sem orðist svo, ásamt fyrirsögn:

#### *Áhugaköfun.*

Sá sem stundar áhugaköfun skal vera 17 ára eða eldri og uppfylla skilyrði b-liðar 1. mgr. 5. gr., hafa staðist viðeigandi menntunar- og hæfniskröfur og hafa gilt skírteini vegna áhugaköfunar.

- Við 11. gr.
  - Á eftir orðinu „Samgöngustofa“ í fyrri málslíð 2. mgr. komi: eða aðrir til þess bærir aðilar.
  3. mgr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um eftirlit Samgöngustofu og annarra til þess bærra aðila.
2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal annast rannsókn í kjölfar köfunarslysa. Rannsóknin skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir köfunarslyssins en ekki að skipta sök eða ábyrgð með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og afleiðingum sambærilegra slysa. Um rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við köfunarslys fer skv. 1. mgr. og er slík rannsókn óháð rannsóknnum rannsóknarnefndar samgönguslysa. Að öðru leyti fer um rannsókn rannsóknarnefndar samgönguslysa eftir lögum um rannsókn samgönguslysa, nr. 18/2013, með síðari breytingum.
- Við 16. gr.
  - H-liður orðist svo: eftirlit Samgöngustofu og annarra til þess bærra aðila.
  - Við bætist fjórir nýir stafliðir, svohljóðandi:
    - skilyrði fyrir að mega stunda köfun,
    - köfunarbúnað,
    - reglur vegna köfunar á afmörkuðum svæðum á Íslandi, þ.m.t. öryggisreglur og reglur um takmörkun umferðar,
    - reglur um tilkynningu til viðeigandi aðila um fyrirhugaða köfun í þjóðgörðum, á svæðum í einkaeigu, á friðuðum svæðum og í óbyggðum, fjarri alfaraleið.